



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 29. FUNDUR HREPPSNEFNDAR

### KJÖRTÍMABILIÐ 2010 – 2014 8. FUNDUR ÁRSINS

#### VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 16. ÁGÚST 2012

#### KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2012, þann 16. ágúst 2012 kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Unnsteinn Eggertsson, Vigdís Furusetth sem varamaður, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

#### **Erindi til hreppsnefndar:**

1. Bakkatúnsmál: Stefna.
2. Aðalskipulag: Miðfell 3.
3. Deiliskipulag: Miðfell 3.
4. Vegagerðin: Úthlutun úr styrkvegasjóði 2012.
5. Jafnréttisstofa: Beiðni um afhendingu á skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála.
6. Styrkbeiðni vegna reksturs Afslins 2012.
7. Ósk um samstarf við Tónsmiðju Suðurlands.
8. Fræslunetið og Háskólafélag Suðurlands: Ósk um styrk við Vísinda- og rannsóknarsjóð Suðurlands.
9. Minnjasafn Emils Ásgeirssonar í Gröf. Greinagerð frá Þjóðminjasafni Íslands, ásamt bókun stjórnar Byggðasafns Árnesinga.
10. Umhverfisráðuneytið: Umsögn um drög að landsáætlun um meðhöndlun úrgangs.
11. Fannborg ehf: Umsókn um stöðuleyfi fyrir hús í Efri Kisubotnum.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

12. Umhverfisnefnd Hrunamannahrepps. Fundargerð 7. fundar frá 7. júní 2012.
13. Umhverfisnefnd Hrunamannahrepps. Fundargerð 8. fundar frá 18. júní 2012.
14. Landbúnaðarnefnd. Fundargerð 12. fundar frá 10. ágúst s.l.
15. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 14. fundar frá 25. júlí s.l.

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:**

16. 10. fundur stjórnar Skipulags- og byggingafulltrúaembættis uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps bs. 25. júlí 2012.
17. 49. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 25. júlí 2012.

#### **Fundargerðir v. samvinnu sunnleuskra sveitarfélaga:**

- a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 217. stjórnarfundar Sorpstöðvar Suðurlands bs. frá 26. Júní 2012.
- b. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 142. fundar frá 1. júní 2012.

#### **Kynningarmál:**

- c. Varasjóður húsnæðismála: Upplýsingar um umsjónarmann félagslegra leiguíbúða.
- d. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 798. stjórnarfundar frá 29. júní sl.
- e. Sorpa, Sorpstöð Suðurlands og fleiri. Staðarval fyrir nýjan urðunarstað.
- f. Skýrsla undirkjörstjórnar um forsetakosningar 30. júní 2012.
- g. Fasteiganmat 2013.
- h. Fundargerð aðalfundar Hitaveitu Grafarhverfis ehf frá 30. maí 2012.
- i. Umhverfisstofnun: Efnistaka, framkvæmdarleyfi og mat á umhverfisáhrifum.
- j. Fornleifavernd ríkisins, minjavörður Suðurlands. Umsagnarbeiðni vegna Miðfells 3 og Vesturhlíðar Syðra-Langholti.
- k. Mennta- og menningarmálaráðherra: Málþing um aðalnámskrá.
- l. Fjárlaganefnd alþingis.
- m. Sveitarfélagið Árborg. Skilagrein vegna nemenda í framhaldsnámi í tónlist.
- n. Fundargerð frá Sambandi orkusveitarfélaga frá 20. apríl 2012.
- o. Samband íslenskra sveitarfélaga: Nýsköpun í opinberum rekstri.

- p. Fundargerð aðalfundar Veiðifélags Árnesinga frá 25. apríl s.l..
- q. Greinagerð vegna hæstaréttarmáls nr. 329/2012.
- r. Samband íslenskra sveitarfélaga: Upplýsingaöflun vegna eignarhalds og reksturs fasteigna sem nýttar eru undir öldrunarþjónustu.

#### **Fundir framundan:**

- s. Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna: 27.-28. september.
- t. Ársþing SASS: 18.-19. október.

#### **Skýrslur á skrifstofu:**

- u. Landmælingar Íslands. Sameiginleg hæðarkerfi fyrir Ísland.
- v. Evrópustofa, upplýsingaefni um ESB.
- w. Samband íslenskra sveitarfélaga: Leiðsögn um lýðræði í sveitarfélögum.
- x. Háskólafélag Suðurlands ehf. Ársreikningur 2011.
- y. Hitaveita Grafarhverfis ehf. Ársreikningur 2011.
- z. Björgunarfélagið Eyvindur. Ársreikningur pr. 31.01.2012.
- aa. Byggðasafn Árnesinga og Sjóminjasafnið á Eyrarbakka. Ársskýrsla 2011.
- bb. Hjörtur Þórarinnsson: Afreksfólk öræfanna. Æviferill Fjalla-Eyvindar og Höllu.

#### **Gengið til dagskrár:**

##### **Erindi til hreppsnefndar:**

#### **1. Bakkatúnsmál: Stefna.**

Oddviti kynnti stefnu frá eigendum Reykjabakka vegna ákvörðunar hreppsnefndar að taka land eignarnámi fyrir Bakkatúnsveg sem fellur innan deiluskipulagsmarka Reykjabakka. Meiri hluti hreppsnefndar felur sveitarstjóra ásamt lögmanni sveitarfélagsins að taka til varna í málinu enda málið samtengt máli eiganda Útlagans gegn sveitarfélaginu. Esther og Gunnar vilja bóka eftirfarandi: Það hefur verið vilji okkar að eignarnámsmálið verði dregið til baka því við teljum að aðrar lausnir séu til varðandi Bakkatúnsvegarmálið. Við vísum í bókun okkar frá 10. maí 2012 en sú bókun er enn í fullu gildi og á einnig við um stefnu Reykjabakkabráðra. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra og oddvita að vinna áfram að lausnum í málinu í samræmi við fyrri bókun hreppsnefndar út af sambærilegu máli vegna eiganda Útlagans þann 10. maí 2012.

#### **2. Aðalskipulag: Miðfell 3.**

Oddviti kynnti tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 fyrir spildu úr landi Miðfells 3. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir svæði fyrir verslun og þjónustu á svæði sem samkvæmt gildandi aðalskipulagi er landbúnaðarsvæði. Á þessari spildu er fyrirhugað að reisa gistiheimili/hótel. Aðkoma að svæðinu verður um land Dalbæjar 3. Tillagan var auglýst til kynningar skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ásamt deiliskipulagi svæðisins, 21. júní 2012 með athugasemdafresti til 3. ágúst. Engar athugasemdir bárust en gerð var ein athugasemd við tillöguna í kynningarferli hennar. Fyrir liggur umsögn Fornleifaverndar ríkisins dags. 29. maí 2012. Hreppsnefnd samþykkir ofangreinda aðalskipulagsbreytingu og felur skipulagsfulltrúa að senda hana Skipulagsstofnun í samræmi við 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

#### **3. Deiliskipulag: Miðfell 3**

Oddviti kynnti tillögu að deiliskipulagi um 1 ha spildu úr landi Miðfells 3 í Hrunamannahreppi þar sem fyrirhugað er að reisa gistihús. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir gistihús á einni hæð og er hámarksnýtingarhlutfall 0,15. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir um 16 herbergjum með möguleika á að fjölga herbergjum í 36. Tillagan var auglýst til kynningar skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ásamt aðalskipulagsbreytingu fyrir svæðið, 21. júní 2012 með athugasemdafresti til 3. ágúst. Engar athugasemdir bárust. Tillagan er nú lögð fram með minniháttar lagfæringum til að koma til móts við ábendingar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Hreppsnefnd samþykkir ofangreinda deiliskipulagstillögu og felur skipulagsfulltrúa að senda hana Skipulagsstofnun í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

#### **4. Vegagerðin: Úthlutun úr styrkvegasjóði 2012.**

Oddviti kynnti bréf frá Vegagerðinni vegna styrks úr styrkvegasjóði en Hrunamannahreppi var úthlutað kr. 500.000,- vegna afréttavega. Hreppsnefnd þakkar fyrir styrkinn en bendir á að mjög slæmt sé að afgangi slíkra mála dragist fram í lok júlí. Sveitarfélagið þurfi að vita hvaða fjármuni það hefur í

- slíkar framkvæmdir í síðasta lagi að vori til að geta gert raunhæfar áætlanir um viðhaldsverkefni á afréttarvegum.
5. **Jafnréttisstofa: Beiðni um afhendingu á skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála.**

Oddviti kynnti bréf frá Jafnréttisstofu þar sem óskað er eftir skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála í sveitarfélaginu. Hreppsnefnd vísar málinu til Velferðarnefndar Árnesþings til afgreiðslu.
  6. **Styrkbeiðni vegna reksturs Aflsins 2012.**

Oddviti kynnti bréf frá Aflinu, samtökum gegn kynferðis og heimilisofbeldi á Norðurlandi, þar sem óskað er eftir styrk til starfseminnar. Hreppsnefnd hafnar erindinu.
  7. **Ósk um samstarf við Tónsmiðju Suðurlands.**

Oddviti kynnti bréf frá Tónsmiðju Suðurlands þar sem óskað er eftir samstarfi við sveitarfélagið. Hreppsnefnd hafnar erindinu en tekur fram að sveitarfélagið hefur lagt til endurgjaldslausu aðstöðu í félagsheimilinu fyrir Tónsmiðju Suðurlands vegna nemenda þeirra.
  8. **Fræslunetið og Háskólafélag Suðurlands: Ósk um styrk við Vísinda- og rannsóknarsjóð Suðurlands.**

Oddviti kynnti bréf frá Fræðslunetinu og Háskólafélagi Suðurlands þar sem farið er fram á styrk frá sveitarfélaginu til eflingar á vísinda- og rannsóknarsjóðs þeirra. Hreppsnefnd hafnar erindinu.
  9. **Minjasafn Emils Ásgeirssonar í Gröf. Greinagerð frá Þjóðminjasafni Íslands, ásamt bókun stjórnar Byggðasafns Árnesinga.**

Oddviti kynnti greinagerð frá Þjóðminjasafninu og bókun stjórnar Byggðasafns Árnesinga, vegna Minjasafns Emils Ásgeirssonar í Gröf. Hreppsnefnd þakkar Þjóðminjasafninu fyrir góða skýrslu og tillögur og felur oddavita og sveitarstjóra að funda með forsvarsmönnum Byggðarsafns Árnesinga og Minjasafns Emils Ásgeirssonar í Gröf um framhald málsins.
  10. **Umhverfisráðuneytið: Umsögn um drög að landsáætlun um meðhöndlun úrgangs.**

Oddviti kynnti bréf frá Umhverfisráðuneytinu þar sem hreppsnefnd er gefin kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir varðandi drög að landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024. Þá liggur einnig fyrir minnisblað með umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna málsins. Hreppsnefnd tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.
  11. **Fannborg ehf: Umsókn um stöðuleyfi fyrir hús í Efri Kisubotnum.**

Oddviti kynnti bréf frá Fannborg ehf þar sem óskað er eftir að stöðuleyfi fyrir skála í Efri Kisubotnum verði framlengt um eitt ár. Hreppsnefnd mælir með að leyfið verði framlengt um eitt ár og vísar málinu til byggingarfulltrúa til afgreiðslu.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

12. **Umhverfisnefnd Hrunamannahrepps. Fundargerð 7. fundar frá 7. júní 2012.**

Oddviti kynnti fundargerð 7. fundar umhverfisnefndar. Þar var farið yfir hugmyndir um hver hljóti umhverfisverðalaunin 2012, bókun vegna fundargerðar 6. fundar umhverfisnefndar og önnur mál. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
13. **Umhverfisnefnd Hrunamannahrepps. Fundargerð 8. fundar frá 18. júní 2012.**

Oddviti kynnti 8. fundargerð umhverfisnefndar. Þar var ákveðið að Ásæll fengi umhverfisverðalaunin 2012. Farið var yfir sorpmál sveitarfélagsins og áhyggjum lýst yfir dræmri þáttöku fullorðna í rusladeginum á Flúðum. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina. Þá ákveður hreppsnefnd að stefnt skuli að því að tekin verði upp tveggja tunnu kerfi (blátunna) í Hrunamannahrepp á árinu 2013 og felur sveitarstjóra ásamt umhverfisnefnd að kanna hvernig önnur sveitarfélög á Suðurlandi hafa staðið að upptöku tveggja tunnu kerfis.
14. **Landbúnaðarnefnd. Fundargerð 12. fundar frá 10. ágúst s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 12. fundar landbúnaðarnefndar. Þar var farið yfir fjallskil og raðað í leitir. Lagt var til að Heiðarsmölun fari fram 12. september. Nefndin leggur til að þeir fjármunir sem fengust til vegagerða á afréttinum verði

nýttir til að laga veginn inn á Merarskeið. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

**15. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 14. fundar frá 25. júlí s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 14. fundar ferða- og menningarnefndar. Þar var farið yfir hugmyndir af dagskrá verslunarmannahelgar og mál er tengjast henni. Þá var fjallað um skipulag og undirbúning fyrir uppskeruhátíðina 2012. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:**

**16. 10.fundur stjórnar Skipulags- og byggingafulltrúaembættis uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps bs. 25. júlí 2012.**

Oddviti lagði fram fundargerð 10. fundar stjórnar Skipulags- og byggingafulltrúaembættis. Þar var farið yfir erindi frá hreppsnefnd Ásahrepps þar sem óskað var eftir hugsanlegu samstarfi að byggðasamlaginu. Farið var yfir stöðu mála varðandi framkvæmdarleyfi náma á starfssvæðinu og var skipulagsfulltrúa falið að útbúa lista yfir efnistöku á svæðinu. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

**17. 49. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 25. júlí 2012 og 82. afgreiðslufundur bygg. fulltrúa frá 4. júlí og 83. afgreiðslufundur bygg. fulltrúa frá 18. júlí 2012.**

Oddviti lagði fram fundargerð 49. fundar Skipulags- og byggingarnefndar en þar var fjallað um 1. sameiginlegt mál og tvö mál fyrir Hrunamannahrepp. Farið var yfir mál nr. 2, fundargerð 82. og 83. afgreiðslufundar byggingafulltrúa en þar voru engin mál sem snertu Hrunamannahrepp. Mál númer 10 þar sem afgreiðsla var frestað vegna breytingar á deiliskipulagi fyrir miðsvæði Flúða vegna Hótel Flúða. Mál númer 11 þar sem lögð er fram óveruleg deiliskipulagsbreyting á svæði c í landi Silfurmýrar sem var samþykkt. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

**a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 217. stjórnarfundar Sorpstöðvar Suðurlands bs. frá 26. Júní 2012.** Lagt fram til kynningar.

**b. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 142. fundar frá 1. júní 2012.** Lagt fram til kynningar.

**Kynningarmál:**

**c. Varasjóður húsnæðismála: Upplýsingar um umsjónarmann félagslegra leiguíbúða.** Lagt fram til kynningar.

**d. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 798. stjórnarfundar frá 29.júní sl.** Lagt fram til kynningar.

**e. Sorpa, Sorpstöð Suðurlands og fleiri. Staðarval fyrir nýjan urðunarstað.** Lagt fram til kynningar.

**f. Skýrsla undirkjörstjórnar um forsetakosningar 30. júní 2012.** Lagt fram til kynningar.

**g. Fasteiganmat 2013.** Lagt fram til kynningar.

**h. Fundargerð aðalfundar Hitaveitu Grafarhverfis ehf frá 30. maí 2012.** Lagt fram til kynningar.

**i. Umhverfisstofnun: Efnistaka, framkvæmdarleyfi og mat á umhverfisáhrifum.** Lagt fram til kynningar.

**j. Fornleifavernd ríkisins, minjavörður Suðurlands. Umsagnarbeiðni vegna Miðfells 3 og Vesturhlíðar Syðra-Langholti.** Lagt fram til kynningar.

**k. Mennta- og menningarmálaráðherra: Málþing um aðalnámskrá.** Lagt fram til kynningar.

**l. Fjárlaganefnd alþingis.** Lagt fram til kynningar.

**m. Sveitarfélagið Árborg. Skilgrein vegna nemenda í framhaldsnámi í tónlist.** Lagt fram til kynningar.

**n. Fundargerð frá Sambandi orkusveitarfélag frá 20. apríl 2012.** Lagt fram til kynningar.

**o. Samband íslenskra sveitarfélaga: Nýsköpun í opinberum rekstri.** Lagt fram til kynningar.

**p. Fundargerð aðalfundar Veiðifélags Árnesinga frá 25. apríl s.l..** Lagt fram til kynningar.

- q. **Greinagerð vegna hæstaréttarmáls nr. 329/2012.** Lagt fram til kynningar.
- r. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Upplýsingaöflun vegna eignarhalds og reksturs fasteigna sem nýttar eru undir öldrunarþjónustu.** Lagt fram til kynningar.

**Fundir framundan:**

- s. **Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna: 27.-28. september.** Lagt fram til kynningar.
- t. **Árþing SASS: 18.-19. október.** Lagt fram til kynningar.

**Skýrslur á skrifstofu:**

- u. **Landmælingar Íslands. Sameiginleg hæðarkerfi fyrir Ísland.**
- v. **Evrópustofa, upplýsingaefni um ESB.**
- w. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Leiðsögn um lýðræði í sveitarfélögum.**
- x. **Háskólafélag Suðurlands ehf. Ársreikningur 2011.**
- y. **Hitaveita Grafarhverfis ehf. Ársreikningur 2011.**
- z. **Björgunarfélagið Eyvindur. Ársreikningur pr. 31.01.2012.**
- aa. **Byggðasafn Árnesinga og Sjóminjasafnið á Eyrarbakka. Ársskýrsla 2011.**
- bb. **Hjörtur Þórarinnsson: Afreksfólk öræfanna. Æviferill Fjalla-Eyvindar og Höllu.**

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:00.